

Kæri íbúi við Norðurbakka

Meðfylgjandi bréf er sent til upplýsinga á alla íbúa við Norðurbakka í Hafnarfirði.

Undanfari uppbyggingar á Norðurbakka – framkvæmdir hefjast

Á fundi hafnarstjórnar þann 12. ágúst sl. var samþykkt að ráðast í útboð á verkinu „Norðurbakki - grjótvörn“ og er framkvæmdin undanfari frekari uppbyggingar og fullnaðarframkvæmda við Strandstíginn og útivistarsvæði á Norðurbakka og við Norðurgarð. Teiknistofan Landslag og verkfræðipjónustan Strendingur hafa unnið að undirbúningi og hönnun verkefnisins í samvinnu við Hafnarfjarðarhöfn og umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðarbæjar. Útboð fyrsta áfanga verkefnisins mun verða auglýst nú á næstunni.



Norðurbakka til lengri tíma litið.



Fjölbreytt og heillandi útivistarsvæði mun rísa á

Fjórskipt framkvæmd

Framkvæmd við lokafrágang á Norðurbakkasvæðinu má skipta upp í fjóra áfanga og felur heildarframkvæmdin í sér undirbúning og frágang út frá umhverfis- og öryggissjónarmiðum áður en endanlegur frágangur á yfirborði tekur við. Í fyrsta áfanga haust og vetur 2020/2021 verður grjótvörn sett framan á stálþil við Norðurbakka og er gert ráð fyrir að þessum framkvæmdum ljúki í byrjun árs 2021. Annar áfangi kemur til framkvæmda sumarið 2021 þegar bætt verður við grjótvörn utan á Norðurgarð. Áfangi þrjú felur svo í sér endurbyggingu og hækkun á Norðurgarði en ekki liggur endanlega fyrir með verklok þeirra framkvæmda. Í framhaldi af grjótvörn við Norðurbakkann verður farið í fyrstu áfanga við frágang á yfirborði bakkans en stefnt er að því að gera hann að fjölbreyttu og heillandi útivistarsvæði sem hluta Strandstígsins – allt frá Langeyrarmölum að smábátahöfninni.



1. áfangi. Framkvæmd: **Grjótvörn á Norðurbakka**. Framkvæmdatími: Haust – vetur 2020/2021
2. áfangi. Framkvæmd: **Grjótvörn á Norðurgarð**. Framkvæmdatími: Sumar 2021
3. áfangi. Framkvæmd: **Endurbygging Norðurgarðs**. Framkvæmdatími: Kynnt síðar
4. áfangi. Framkvæmd: **Frágangur á yfirborði Norðurbakka**. Framkvæmdatími: Kynnt síðar



HAFNARFJÖRÐUR



Yfirlit yfir heildarframkvæmdina. Undirbúningur áður en endanlegur frágangur á yfirborði tekur við.



Svona mun ásýnd grjótgarða við Norðurbakka

og Norðurgarð verða við lok framkvæmda.

Inngrip á svæðið með tilfallandi áreiti og álagi á íbúa

Framkvæmdin mun eðlilega fela í sér nokkurt inngrip á Norðurbakkasvæðinu sem íbúar munu verða varir við. Þar sem verið er í þéttbyggðu íbúðarhverfi og aðkoma að svæðinu þröng þá verður áhersla lögð á að flytja sem mest efni að verkstað frá sjó með dæluskipi/pramma til að lágmarka áreiti og tryggja öryggi þeirra sem um framkvæmdasvæðið fara. Aðkoma að svæðinu verður þannig annars vegar frá sjó og hinsvegar, þegar ekki verður hjá því komist, frá vegi við hlið Norðurbakka 13. Þannig þarf t.d. að vinna grjóthleðslu frá bakka. Rík áhersla verður lögð á að öll umgengni og umhirða á svæðinu verði góð. Nánari upplýsingar um framgang verksins verða aðgengilegar á vef Hafnarfjarðarbæjar.

Við þökkum íbúum fyrirfram fyrir sýndan skilning á meðan á framkvæmdum stendur.

Bestu kveðjur

Hafnarfjarðarhöfn og Hafnarfjarðarbær